

Skaftárhreppur  
b/t Ólafur E Júlíusson  
Klausturvegi  
880 Kirkjubæjarklaustur

Reykjavík, 10. desember 2019  
UST201912-097/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Lýsing – Deiliskipulag fyrir Hátún í Landbroti - Skaftárhreppur**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skaftárhrepps er barst 17. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að tillögu að deiliskipulagi fyrir Hátún í Landbroti í Skaftárhreppi.

Í lýsingu kemur fram að innan reits er áætlað að verði reist 30 gistihús sem hvert um sig er um 70 m<sup>2</sup> að stærð og rúmar 2- 4 manns í gistingu. Auk þess kemur fram að gert er ráð fyrir miðlægu þjónustuhúsi sem getur orðið allt að 600- 800m<sup>2</sup> að stærð ásamt 100-200 m<sup>2</sup> baðhúsi. Samtals byggingarmagn innan skipulagsreitsins í Hátúni er því áætluð um 2.800-3.100m<sup>2</sup>.

#### **Landbrotshólar**

Í greinargerð kemur fram að stór partur jarðarinnar Hátúns er hluti af svokölluðum Landbrotshólum sem er stærsta samfellda gervigásvæði landsins, en fyrirhuguð uppbyggingar fer þó ekki inná það ósnortna svæði.

Eins og kemur fram í greinagarð bendir Umhverfisstofnun á að gígavæðið fellur undir a. lið. 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Eldhraunið á svæðinu fellur einnig undir ofangreindan lið.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á það fjallað sé um jarðminjarnar í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask jarðminjar sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á jarðminjum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein

fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi landnýtingu á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga, hvaða aðrir valkostir hafa verið skoðaðir fyrir ferðaþjónustu í sveitarfélaginu og hvað gervigígasvæðið hefur umfram önnur svæði sem hafa verið skoðuð.

Stofnunin bendir á að skyldt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Ákveði leyfisveitanda að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr., rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

### Efnistaka

Það er mat Umhverfisstofnunar að efnistaka skuli ekki vera á náttúruverndarsvæðum né svæðum þar sem eru jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að efnistakan sé ekki á landi sem hefur hátt verndargildi. Mikilvægt er að tekið sé tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Öll efnistökusvæði skulu hafa framkvæmdaleyfi sbr. reglugerð 772/2012.

Í 13. gr. skipulagslaða 123/2010 um framkvæmdaleyfi segir: „*Pó er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða náttúruverndarsvæði eða jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.*“

Virðingarfyllst

  
Axel Benediktsson  
sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur